

Alþingi
Erindi nr. P 143/555
komudagur 6.12.2013

Ferðamálastofa
Geirsgötu 9
101 Reykjavík



Nefndarsvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
IS-150 Reykjavík

Reykjavík 6. desember 2013.

Efni: Umsögn vegna máls 167 um frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

Vísað er í þingskjal 199 – 167. mál um frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd nr. 60/2013 sem áttu að taka gildi 1. apríl 2014.

Ferðamálastofa gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi frumvarp um brottfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Hins vegar er mikilvægt að áréttu þau sjónarmið sem komu fram í umsögn Ferðamálastofu, dagsett 26.09.2012, um frumvarp til þeirra laga sem nú eru felld brott.

Náttúra Íslands er meginaðdráttarafli landsins fyrir erlenda ferðamenn. Kannanir benda til þess að erlendir gestir okkar komi margir til landsins með þá fyrirfram mótuðu hugmynd að hér grundvallist umgengni okkar við umhverfi og náttúru á verndunar- og sjálfbærnisjónarmiðum. Mikilvægt er að lagaumgjörðin endurspegli þær væntingar sem slíkar hugmyndir byggja á, þannig að ekki verði mikil skil milli væntinga gesta okkar og upplifunar þegar á hólminn er komið.

Í umsögn sinni 26.09. fagnaði Ferðamálastofa ákvæðum um styrkingu almannaréttar, enda mikilvægt að skýrt sé kveðið á um rétt fólks til frjálssar umgengni við náttúru landsins, um leið og skyldur okkar á sviði umgengni við náttúruna eru skilgreindar með afgerandi hætti.


Ferðamálastofa lýsti yfir ánægju með að nýir flokkar friðlýstra svæða væru skilgreindir í frumvarpinu, enda endurspeglar sú flokkun sem þar var lögð til mun betur ríkjandi sjónarmið en sú sem gildi áður. Jafnframt fagnaði Ferðamálastofa því að flokkar friðlýstra svæða væru skilgreindir til samræmis við IUCN flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna og minnti á að við friðlýsingu svæða er mikilvægt að stefna í aðgengismálum friðaðra svæða sé mótuð með hliðsjón af friðlýsingarákvæðum og markmiðum friðlýsingar hverju sinni.



Í tengslum við innleiðingu hugtaksins “umsýsluáætlun” áréttaði Ferðamálastofa mikilvægi þess að í slíkri áætlanagerð sé mótuð atvinnustefna fyrir hið friðlýsta svæði til lengri tíma, bæði varðandi skammtímaverkefni sem óskað er eftir að unnin séu innan svæðanna (s.s. kvikmyndagerð) og almennar reglur um langtíma atvinnurekstur sem byggir afkomu sína að öllu eða miklu leyti á umgengni við hið friðaða svæði. Friðuð svæði geta t.d. verið mikilvæg undirstaða ferðabjónustu, en tryggja verður samræmingu slíkrar starfsemi við þau sjónarmið sem liggja til grundvallar friðlýsingu.

Ferðamálastofa áréttar af þessu tilefni mikilvægi þess að framangreind sjónarmið verði höfð í heiðri við áframhaldandi mótun lagaramma um náttúruvernd á Íslandi. Á sama tíma þarf að tryggja samhæfingu lagarammans og áforma um fjármögnun uppbyggingar og viðhalds á vinsælum ferðamannastöðum.

Virðingarfyllst,


Björn Jóhannsson, umhverfisstjóri Ferðamálastofu

